

272. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 5. febrúar 2015 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.

**Mættir:**

Kristín Björg Árnadóttir  
 Kristjana Hermannsdóttir  
 Björn H Hilmarsson  
 Rögnvaldur Ólafsson  
 Fríða Sveinsdóttir  
 Kristján Þórðarson  
 Svandís Jóna Sigurðardóttir í forföllum Baldvins Leifs Ívarssonar  
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna á fundinn og óskaði eftir að taka inn með afbrigðum sem 23. mál fundargerð 31. fundar framkvæmdaráðs Snæfellsness, ásamt fylgigögnum, og sem 24. mál, tillögu frá aðalskipulagsnefnd að skipulagslýsingu og matslýsingu vegna nýs aðalskipulags Snæfellsbæjar. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

1. **Fundargerðir 123. og 124. fundar menningarnefndar Snæfellsbæjar, dags. 12. janúar og 28. janúar 2015.**  
 Varðandi væntanlega jólatónleika, þá vill bæjarstjórn fara fram á það við nefndina að hún ræði við bæjarritara varðandi kostnað.  
 Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.
2. **Fundargerð 178. fundar fræðslunefndar, dags. 12. janúar 2015.**  
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
3. **Fundargerð 71. fundar íþrótt- og æskulýðsnefndar, dags. 16. janúar 2015.**  
 Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að skipa í ungmennaráð á næsta fundi bæjarstjórnar í mars.  
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
4. **Fundargerð 87. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 29. janúar 2015.**  
 Undir umræðum við ákveðna liði véku ákveðnir bæjarfulltrúar af fundi  
 Fríða Sveinsdóttir vék af fundi undir 1. lið.  
 Svandís Jóna Sigurðardóttir vék af fundi undir 5. lið.  
 Kristín Björg Árnadóttir vék af fundi undir 10. lið og tók Kristján Þórðarson við stjórn fundarins.  
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
5. **Fundargerð 3. fundar aðalskipulagsnefndar, dags. 14. janúar 2015.**  
 Fundargerðin samþykkt samhljóða.
6. **Fundargerð 147. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 13. janúar 2014.**  
 Lagt fram til kynningar.
7. **Fundargerð 143. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 17. nóvember 2014.**  
 Lagt fram til kynningar.
8. **Fundargerð 29. fundar ráðgjafarnefndar Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, dags. 9. október 2014, ásamt skjali um stöðu framkvæmda og samantekt á umgengni á og við Snæfellsjökul.**  
 Lagt fram til kynningar.
9. **Fundargerð 371. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 16. janúar 2015.**  
 Lagt fram til kynningar.

RR FIS. KA PAA  
 KR KP SSS  
 KOT

10. **Fundargerð 13. fundar stjórnar Þróunarfélags Snæfellinga ehf., dags. 14. nóvember 2014.**  
Lagt fram til kynningar.
11. **Fundargerð aðalfundar Þróunarfélags Snæfellinga ehf., dags. 14. nóvember 2014, ásamt yfirliti yfir starfsemi félagsins frá júní 2013 fram í nóvember 2014.**  
Lagt fram til kynningar.
12. **Aðalfundarboð Landssamtaka landeiganda á Íslandi, þann 13. febrúar 2015.**  
Lagt fram til kynningar.
13. **Bréf frá nemendafélagi FSN, dags. 27. janúar 2015, varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Klifi fyrir árshátíð FSN þann 6. febrúar n.k.**  
Bæjarstjórn samþykkti erindið samhljóða enda fellur það undir reglur Snæfellsbæjar um niðurfellingu á leigu félagsheimilanna.
14. **Bréf varðandi Gaul, hundahreinsunarhús í landi Stekkjarvalla í Staðarsveit.**  
Fríða Sveinsdóttir vék af fundi undir þessum lið.  
Bæjarstjórn samþykkti erindið samhljóða.
15. **Bréf frá Sýslumanni, dags. 21. janúar 2015, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Hraun eldhús ehf., um rekstrarleyfi á veitingahúsinu Hrauni í Ólafsvík.**  
Bæjarstjórn samþykkti erindið fyrir sína hönd að því tilskyldu að jákvæð umsögn berist frá umhverfis- og skipulagsnefnd og slökkviliðsstjóra Snæfellsbæjar.
16. **Bréf frá byggingarfulltrúa, dags. 2. febrúar 2015, varðandi rekstrarleyfisumsögn um umsókn Á eyrunum ehf.**  
Bæjarstjórn samþykkti erindið samhljóða.
17. **Bréf frá Óbyggðanefnd, dags. 26. janúar 2015, varðandi tilkynningu um meðferð óbyggðarnefndar á svonefndu svæði 9; Snæfellsnessýsla og Dalasýsla.**  
Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra að vera í samráði við hin sveitarfélögin á svæðinu varðandi næstu skref.
18. **Bréf frá Consello ehf., dags. 2. janúar 2015, varðandi kynningu á þjónustu fyrirtækisins.**  
Lagt fram til kynningar.
19. **Bréf frá R3 Ráðgjöf, dags. 15. janúar 2015, varðandi kynningu á þjónustu fyrirtækisins.**  
Lagt fram til kynningar.
20. **Erindisbréf atvinnuveganefndar.**  
Gerðar voru smávægilegar breytingar á orðalagi en að því loknu var erindisbréfið samþykkt samhljóða.
21. **Erindisbréf stjórnar Félagsheimilisins Klifs.**  
Gerðar voru smávægilegar breytingar á orðalagi en að því loknu var erindisbréfið samþykkt samhljóða.
22. **Tillaga frá J-listanum, varðandi rekstrarform tjaldsvæða Snæfellsbæjar.**  
Eftirfarandi tillaga kom fram:

J-listinn leggur til að bæjarstjórn taki upp umræðu um framtíð og þá hugsanleg rekstrarform á tjaldsvæðum Snæfellsbæjar, teknar verði ákvarðanir um rekstrarform fyrir sumarið 2016 þar sem að öllum líkindum er ekki nægjanlegur tími til stefnu varðandi breytingar vegna 2015.

Baldvin Leifur Ívarsson  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristján Þórðarson

BJA  
f.s.  
KAF  
SJS  
M

Nokkur umræða skapaðist um tillöguna.

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fresta afgreiðslu tillögunnar.

**23. Fundargerð 31. fundar framkvæmdaráðs Snæfellsness, dags. 3. febrúar 2015, ásamt fylgigögnum.**

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að halda þessu samstarfi áfram óbreyttu.

**24. Tillaga frá aðalskipulagsnefnd um skipulagslýsingu og matslýsingu vegna nýs aðalskipulags Snæfellsbæjar.**

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða framlagða skipulagslýsingu og matslýsingu vegna nýs aðalskipulags í Snæfellsbæ.

**25. Minnisþing bæjarstjóra.**

- a) Opinn kynningarfundur bæjarstjórnar verður í Klifi næstkomandi fimmtudag, 12. febrúar kl. 20:00
- b) Nýr aðalbókari er tekinn til starfa.
- c) Rætt um vatnsverksmiðjumál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:35

KRISTÍN B. ÁRNAD.

Kristín Björg Árnadóttir

Kristjana Hermannsdóttir

Kristjana Hermannsdóttir

Frída Sveinsdóttir

Frída Sveinsdóttir

Björn H. Hilmarsson

Björn H. Hilmarsson

Kristján Þórðarson

Kristján Þórðarson

Rögnvaldur Ólafsson

Rögnvaldur Ólafsson

Svandís Jóna Sigurðardóttir

Svandís Jóna Sigurðardóttir

Kristinn Jónasson

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Lilja Ólafardóttir

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari